9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

3. desember 2002 Nr. 868

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er Umhverfisstofnun heimilt að leyfa tímabundna sölu matvæla, sem innihalda þau efni sem um ræðir, þegar ekki er talin hætta á heilsutjóni vegna neyslu þeirra. Umhverfisstofnun getur einnig fellt tímabundið úr gildi eða breytt hámarksgildum sem fram koma í viðaukum 2 og 3 með þessari reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Hollustuvernd ríkisins fer með hlutverk Umhverfisstofnunar til og með 31. desember 2002.

*Umhverfisráðuneytinu, 3. desember 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*